

Excelskjöl til gagnaöflunar frá orkufyrirtækjum

Nafngiftir á Excelskjölunum

Nafn skjalanna byrjar á rammaáætlunarnúmeri virkjunarkostsins. Rammaáætlunarnúmerið byrjar á R3 sem stendur fyrir 3. áfanga rammaáætlun, því næst kemur tölustafur sem er mismunandi eftir því hvers konar virkjunarkost er um að ræða. Þessi tölustafur er 1 fyrir vatnsaflsvirkjanir, 2 fyrir jarðvarmavirkjanir, að lokum kemur númer virkjunar í 3. Áfanga rammaáætlun. Til þess að aðgreina mismunandi útfærslur á virkjanakosti með sama nafn og númer er bætt við bókstaf, A,B,C og svo framvegis. Á eftir bókstafnum kemur heiti virkjunar og að lokum útgáfunúmer skjals sem er 00 fyrir skjalið sem Orkustofnun sendir út en **á að vera 01 þegar virkjunaraðilar eru búnir að fylla út í Exelskjalið.**

Ef að til voru mismunandi útfærslur á sama virkjanakosti í 2. áfanga rammaáætlunar sem hétu t.d. A og B er rétt að endurnýta þessa bókstafi í nafngiftinni vegna 3. áfanga rammaáætlunar. Ef hins vegar er um alveg nýja útfærslu er að ræða er rétt að slík útfærsla fái bókstafinn C á eftir hinu eiginlega rammaáætlunar númeri til að auðkenna að um aðra útfærslu er að ræða.

Eyðublöðin í Excelskjölunum

Öll eyðublöðin eru merkt Orkustofnun í haus, nafni skjals og síðan kemur dagsetning sem á að breyta þegar átt er við skjalið og verður hún því útgáfudagsetning skjals. Þegar orkufyrirtækin skila skjalinu skulu þau breyta þessari dagsetningu til samræmis við það hvenær þau luku við að fylla skjalið út.

Neðst á eyðublöðunum kemur fram um hvaða eyðublað er að ræða.